Sunnudagur
20. september

Morgunblaðið

Bls. 41—72



Ljósm. RAX.

LÍFSHLAUP KJARVALS

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Myndir þær sem Jóhannes Kjarval málaði sér til dundurs á veggi vinnustofu sinnar að Austurstræti 12 og hafa verið til sýnis að Kjarvalsstöðum undanfarnar vikur má segja að slegið hafi í gegn hjá fróðum sem ófróðum.

Nær daglega hefur verið fjallað um þær í einhverju dagblaðanna og því hefur undirritaður farið seint af stað með umfjöllun um listaverkin, því að hann vildi fá sem gleggsta heildarmynd yfir hvað aðrir hefðu til málanna að leggja. Sýningunni lýkur á þriðjudag og fer því hver að verða síðastur að nálgast verkið í bili, því að sjálfsagt gera menn ráð fyrir því að myndin verði um allan aldur í eigu Íslendinga.


Sagt hefur verið, að Kjarval hafi málað þessar myndir á veggi vinnustofu sinnar á fjórða áratuginum er hann átti hvorki fyrir litum, bleki né pappír og má það vel vera rétt en hins vegar skal einnig bent á það, að Kjarval var mestur „artísti" íslenzkra málara um sína daga og þeir taka iðulega up á því að mála á hvað sem fyrir er ef sá gállinn er á þeim. T.d. hefur Kjarval málað á alla mögulega hluti svo sem kunnugt er, jafnvel grjót, en ein slík egglaga mynd er einmitt í eigu Kjarvalsstaða og hefur oft verið til sýnis.

Menn hafa dáðst að viðgerðinni og hve vel hún hefur heppnast, sem mun alveg rétt en

SJÁ NÆSTU SÍÐU



Ljósm. RAX.



Ljósm.: Ol.K.Mag.